

# FRUMKVÆÐISSJÓÐUR ÖXARFJARÐAR Í SÓKN II 2026



**SSNE**  
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar  
á Norðurlandi eystra



BYGGÐASTOFNUN



*Norðurþing*

# UM ÖXARFJÖRÐ Í SÓKN II



Byggðarlagið við Öxarfjörð liggur frá vestanverðri Melrakkasléttu til og með Kelduhverfi. Öxarfjarðarhérað var tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir í lok árs 2015 og formlega sett á laggirnar með íbúáþingi þriðju helgina í janúar 2016 og hlaut verkefnið þá nafnið Öxarfjörður í sókn. Upphaflega átti verkefnið að vara til ársloka 2019, en það ár samþykkti Byggðastofnun að framlengja verkefnið til ársloka 2020.

Verkefnið hófst með afar vel sóttu íbúáþingi í janúar 2016. Alls voru 19 málaflokkar til umræðu á íbúáþinginu. Þar vóg þyngst umræða um raforku, ljósleiðara og útvarpssendingar, en nánast jafn hátt skoraði umræða um grunnstoðir sveitarfélagsins og þjónustu. Í þriðja sæti voru ferðamál, enda brýnt að nýta tækifæri ferðaþjónustu sem allra best á svæðinu. Í stuttu máli má segja að niðurstaðan hafi verið sú, að til að efla byggð við Öxarfjörð yrði að byggja á sérstöðu svæðisins, nýta sóknarfæri sem felast m.a. í matvælavinnslu, ferðaþjónustu og jarðhita sem og að standa vörð um grunnþjónustuna.

## Meginmarkmið verkefnisins eru:

- Framsækni í matvælaframleiðslu
- Framandi áfangastaður
- Uppbyggilegt samfélag
- Öflugir innviðir

Árið 2025 valdi Byggðastofnun verkefnið „Raufarhöfn og framtíðin“ (ROF) og „Öxarfjörður í sókn“ (ÖÍS) til að taka þátt í nýju tilraunaverkefni til þriggja ára, sem má líta á sem nokkurskonar framhald af verkefninu Brothættar byggðir. Auglýst var eftir styrkumsóknum í tilraunabyggðaþróunarverkefnið „Öxarfjörður í sókn II“ í apríl 2025 og úthlutað í júní sama ár. Alls var sótt um 16.985.500 kr en til úthlutunar voru 13.750.000 kr.

Í annarri úthlutun verkefnisins árið 2026 varð umtalsverð aukning bæði í fjölda umsókna og þeirri heildarupphæð sem sótt var um.

**Alls bárust fimmtán umsóknir um styrki í frumkvæðissjóð „Öxarfjarðar í sókn II“ áður en umsóknarfrestur rann út þann 16. febrúar 2026.**

**Samtals var sótt um 35.235.376 kr, á meðan til ráðstöfunar voru 15.025.000 kr.**

Þessi mikli munur á milli ára endurspeglar sterkan áhuga á verkefninu, aukna vitund um það og vaxandi trú umsækjenda á því sem vettvangi fyrir uppbyggingu og þróun á svæðinu. Þessa fjölgun umsókna og aukna fjárhæð sem sótt er um má einnig túlka sem skýrt jákvætt merki um virkni, frumkvæði og fjölbreytni verkefnahugmynda innan ÖÍS II. Á sama tíma kallar þessi mikli áhugi á skýra forgangsröðun fjármuna og vandað mat umsókna í samræmi við fyrirbyggjandi viðmið og stigagjöf í umsóknarferlinu.

Áætlað er að þriðja og síðasta úthlutun fari fram í mars 2027 en í lok þess árs lýkur tilraunaverkefninu formlega.

# VERKEFNISSTJÓRN VERKEFNANNA ÖÍS-II OG ROF-II

Sameiginleg verkefnisstjórn er fyrir bæði verkefni BbII; ÖÍS II og ROF II. Hlutverk verkefnisstjórnar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats, í takt við markmið verkefnanna sem og reglna og matsblaðs Brothættra byggða sem Byggðastofnun gefur út.

## Verkefnisstjórn 2026 skipa:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fulltrúi Norðurþings og formaður verkefnisstjórnar  
Olga Friðriksdóttir, fulltrúi íbúa Raufarhafnar  
Ólafur Gísli Agnarsson, fulltrúi íbúa Raufarhafnar  
Charlotta V. Englund, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs  
Thomas Helmig, fulltrúi íbúa Öxarfjarðarhéraðs  
Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi SSNE  
Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar  
Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar

Verkefnisstjóri í Öxarfjarðarhéraði er Einar Ingi Einarsson



## Viðmiðunarpættir við mat á umsóknum eru:

- Að verkefnið falli vel að skilaboðum íbúapings og stefnumótun verkefnisins
- Að útkoma nýtist sem flestum íbúum í Öxarfjarðarhéraði
- Að verkefnið trufli ekki samkeppni á þjónustusvæði
- Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
- Að verkefnið sé líklegt til árangurs og þekking og/eða reynsla sé til staðar
- Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
- Að áhrifa gæti fyrst og fremst í samfélaginu í Öxarfjarðarhéraði
- Að verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu
- Að styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis

# STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS ÖXARFJARÐAR Í SÓKN II 2026

## ÖÍS-2026-02 - STÓRI SKJÁLFTINN - 50 ÁRA AFMÆLI!

UMSÆKJANDI: Skjálftafélagið

UPPHÆÐ STYRKS: 600.000 kr.

Verkefnið snýr að því að halda minningu Kópaskersskjálftans 13. janúar 1976 á lofti í tilefni af 50 ára afmæli hans. Markmiðið er að standa fyrir minningar- og fræðsludagskrá á Sólstöðuhátíð 20. júní 2026, þar sem nokkrir aðilar sem voru á staðnum segja frá upplifun sinni. Verkefnið felur jafnframt í sér kynningu á Skjálftasetrinu í Byggðasafninu á Snartarstöðum, sýningu myndefnis frá skjálftadeginum og aðgang að skjálftahermi. Með verkefninu er lögð áhersla á að miðla sögu, styrkja staðbundna menningararfleifð og efla samfélagslega samveru.

## ÖÍS-2026-03 - LISTASKÓLI Í KELDUHVERFI

UMSÆKJANDI: ÓLD SKÚL

UPPHÆÐ STYRKS: 1.400.000 kr.

Verkefnið snýr að þróun „Óld Skúl – listaskóla í Kelduhverfi“, sem sameinar listir, sögu og náttúru í formi listamannadvalar og námskeiðahalds. Markmiðið er að byggja upp sjálfbært módel sem laðar að innlent og erlent listafólk og nýtist íbúum Öxarfjarðar til framtíðar, ekki síst börnum og unglingum. Verkefnið er þriggja ára þróunarverkefni þar sem áhersla er lögð á samstarf við innlend og erlend tengslanet, lista- og menntastofnanir. Allar vinnustofur verða skrásettar í máli og mynd á aðgengilegu formi. Verkefnið er framhald af verkefni sem hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2025 og er unnið í samstarfi við Öxarfjarðarskóla og Skúlagarð.

## ÖÍS-2026-04 - MERKTAR GÖNGULEIÐIR Í LANDI SNARTARSTAÐA

UMSÆKJANDI: Sigurlína Jóhannesdóttir

UPPHÆÐ STYRKS: 1.000.000 kr.

Verkefnið snýr að hönnun, kortlagningu og merkingu tveggja nýrra gönguleiða í landi Snartarstaða á Melrakkaslétu. Í verkefninu felst að skilgreina og skrá gönguleiðir með GPS-staðsetningu, setja upp upplýsingaskilti með lýsingu á náttúrufari og sögulegum minjum ásamt QR-kóðum, og koma upp einfaldri aðstöðu fyrir gesti, þar á meðal bílastæði og borðum. Gönguleiðirnar verða birtar á heimasíðu Snartarstaða, kortasíðum og öðrum viðeigandi miðlum.

## ÖÍS-2026-05 - ÁNINGASTAÐUR VIÐ FUGLAHRÆÐUR

UMSÆKJANDI: Sigurlína Jóhannesdóttir

UPPHÆÐ STYRKS: 1.000.000 kr.

Verkefnið snýr að því að bæta öryggi og aðgengi ferðafólks við vinsælan áningarstað við fuglahræður á Snartarstöðum við Kópasker. Fuglahræðurnar hafa um árabil vakið mikla athygli ferðamanna, en skortur á aðstöðu hefur leitt til hættulegra aðstæðna við veginn. Markmið verkefnisins er að koma upp öruggu bílastæði fyrir allt að þrjá bíla og upplýsingaskilti sem segja sögu fuglahræðanna og þróun þeirra sem áningarstaðar. Með verkefninu er stuðlað að auknu umferðaröryggi, betri upplifun gesta og markvissari kynningu á staðnum.

## ÖÍS-2026-07 - KÓPASKER-SAGAN OKKAR

**UMSÆKJANDI: Framfarafélag Öxafjarðarhéraðs**  
**UPPHÆÐ STYRKS: 1.650.000 kr.**

Verkefnið snýr að uppsetningu og endurbótum upplýsingaskilta á Kópaskeri með það að markmiði að mynda samræmda ferðamannaleið um þorpið. Verkefnið felur í sér uppsetningu nokkurra nýrra skilta og uppfærslu nokkurra eldri skilta, þar sem hönnun verður nútímavædd og efni endurskoðað í samræmi við skiltakerfi Vegrúnar. Skiltin munu leiða gesti um gönguleið í þorpinu og veita upplýsingar um sögu Kópaskers, örnefni og fólk. Að verkefni loknu liggja fyrir fullunnin textaefni á íslensku og ensku, prenthæf hönnun skilta og samræmd lýsing á gönguleiðinni.

## ÖÍS-2026-08 - INDUSTRIAL UNIT IN KÓPASKER

**UMSÆKJANDI: Hultin ehf.**  
**UPPHÆÐ STYRKS: 600.000 kr.**

Verkefnið snýr að gerð hagkvæmniathugunar og/eða viðskiptaáætlunar fyrir nýtt iðnaðar- og atvinnuhúsnæði á Kópaskeri. Í verkefninu felst greining á möguleikum á uppbyggingu húsnæðis með sveigjanlegum rýmum á bilinu 5–400 fermetrar, sem hentað geta einstaklingum og fyrirtækjum til leigu. Verkefnið tekur til mats á þörf, umfangs og forsendum slíkrar uppbyggingar á svæðinu.

## ÖÍS-2026-10 - FISK TALNINGAR MEÐ GERVIGREIND

**UMSÆKJANDI: Rober Sertac Ertur**  
**UPPHÆÐ STYRKS: 1.500.000 kr.**

Verkefnið snýr að þróun talningarbúnaðar fyrir stærri laxfiska innan fiskeldis með aðstoð myndgreiningar og gervigreindar. Verkefnið felur í sér þróun greiningarhugbúnaðar, kaup á sérhæfðum myndavélabúnaði og tilheyrandi búnaði, auk vinnu við viðskiptaáætlun. Áhersla er lögð á talningu laxfiska stærri en 400 grömm með mikilli nákvæmni og mótun næstu skrefa í framhaldi þróunarvinnu, þar á meðal undirbúning að stofnun fyrirtækis.

## ÖÍS-2026-11 - JÖKULSÁRLEIÐIN

**UMSÆKJANDI: Fógeti ehf.**  
**UPPHÆÐ STYRKS: 1.650.000 kr.**

Verkefnið snýr að kynningu gönguleiðar frá Dettifossi niður í Ásbyrgi, svokallaðar Jökulsárleiðar. Í verkefninu felst að gera gönguleiðina sýnilegri með formlegu heiti, uppsetningu vefsíðu og aðgangi á samfélagsmiðlum þar sem upplýsingar um leiðina verða aðgengilegar. Leiðin er greiðfær fólki á öllum aldri en hefur hingað til verið lítt þekkt meðal ferðafólks þrátt fyrir mikla náttúrufegurð.

## ÖÍS-2026-12 - KOMDU Á KÓPASKER

**UMSÆKJANDI: Saltsalt ehf**

**UPPHÆÐ STYRKS: 1.500.000 kr.**

Verkefnið er unnið með verkefninu „Af hverju á ég að heimsækja Raufarhöfn?“ sem fékk styrk úr frumkvæðissjóði „Raufarhafnar og framtíðarinnar II“.

Markmið verkefnisins er að efla ímynd og sýnileika Öxarfjarðarhéraðs sem einstaks áfangastaðar með markvissri markaðssetningu á samfélagsmiðlum. Verkefnið felur í sér framleiðslu kynningarefnis um náttúru, sögu, menningu, fólk og nýsköpun á svæðinu, með það að markmiði að laða fleiri gesti til svæðisins, styrkja ferðþjónustu, fyrirtæki og auka stolt íbúa.

Að loknu verkefni verður til samræmt kynningarefni, Facebook „like“ síða, Instagram og TikTok, ásamt safni af ljósmyndum og myndböndum sem munu nýtast áfram í kynningu næstu ára. Kynningarherferðin skapar vettvang fyrir áframhaldandi samstarf heimafélks, þjónustuaðila og sveitarfélagsins um uppbyggingu staðarins.

## ÖÍS-2026-13 - SKÚLAGATA

**UMSÆKJANDI: Rótarý**

**UPPHÆÐ STYRKS: 1.200.000 kr.**

Verkefnið snýr að gerð og uppbyggingu aðgengilegrar gönguleiðar sem tengir saman tvo sögulega staði Skúla Magnússonar fógeta í Kelduhverfi. Gönguleiðin, „Skúlagata“, liggur á milli Skúlagarðs og fæðingarstaðar Skúla að Keldunesi og fer að hluta um svæði við bakka Litluár sem hingað til hefur ekki verið aðgengilegt almenningi. Í verkefninu felst að skilgreina og gera leiðina aðgengilega fyrir íbúa og gesti.

## ÖÍS-2026-14 - CNC LASER

**UMSÆKJANDI: Röndin**

**UPPHÆÐ STYRKS: 1.925.000 kr.**

Verkefnið snýr að kaupum á CNC laserskurðarbúnaði til að tæknivæða starfsemi fyrirtækisins og auka þjónustuframboð. Með búnaðinum verður mögulegt að þjónusta fyrirtæki og einstaklinga með hraðari, nákvæmari og fjölbreyttari hætti, auk þess að styðja við fjöldaframleiðslu afurða. Verkefnið felur í sér innleiðingu nýrrar tækni sem eykur afkastagetu og styrkir rekstur fyrirtækisins á heilsársgrundvelli.

## ÖÍS-2026-15 - HUNDAHÓTEL

**UMSÆKJANDI: Maríus S Halldórsson**

**UPPHÆÐ STYRKS: 1.100.000 kr.**

Verkefnið snýr að uppbyggingu aðstöðu fyrir skammtímapössun, tamningu og þjálfun hunda á Presthólum. Verkefnið felur í sér frágang á útigerði við nýtt hundahús, sem nú er fullbyggt og tilbúið til notkunar. Í útigerðinu verður öruggt hreyfi- og útivistarsvæði fyrir hunda, ætlað bæði fyrir pössun og þjálfun. Framkvæmdin tekur til smíði og uppsetningar á grindum og frágangs á aðstöðu í kringum húsið.